



Til Sambandsaðila BFSÍ

Reykjavík, 10. Febrúar 2021

Efni: Bogfimiþing BFSÍ 2021 – fyrra fundarboð

Ágætu félagar,

Bogfimisamband Íslands boðar hér með til bogfimiþings **13. Mars 2021 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 13:00.**

Á bogfimiþingi hafa fulltrúar þeirra sambandsaðila sem eru skuldlaus við BFSÍ fjórum vikum fyrir bogfimiþing einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa allir eftirfarandi þingfulltrúar:

1. stjórn BFSÍ;
2. framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ;
3. héraðssambönd og íþróttabandalög;
4. fastráðnir starfsmenn BFSÍ;
5. allir nefndarmenn/fulltrúar BFSÍ;
6. fulltrúi menntamálaráðherra;

Auk þess getur stjórn BFSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu telji hún ástæðu til.

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu og framboð skulu berast stjórn BFSÍ minnst 3 vikum fyrir þing, þ.e. 20. febrúar.

Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið, þ.e. 27. febrúar, skal BFSÍ senda sambandsaðilum síðara fundarboð í tölvupósti með dagskrá þings og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið ásamt kjörbréfi.

Með kveðju,
Bogfimisamband Íslands

Ásdís Lilja Háþórsdóttir
Framkvæmdastjóri